

FUNDARGERÐ

330. fundur stjórnar HEF veitna ehf. Fjarfundur (Teams), föstudaginn 20. október 2023 kl. 9:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Vilhjálmur Jónsson (VJ), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Aðalsteinn Þórhallsson (AÞ) framkvæmdastjóri.

Fjarverandi eru: Hildur Þórisdóttir (HÞ), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH),

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

Dagskrá:

- 1 Gjaldskrár – endurskoðun
- 2 Útkomuspá 2023
- 3 Áætlanir 2024 og 3ja ára áætlun
- 4 Fulltrúar SA í heimsókn
- 5 Önnur mál

1 Gjaldskrár – endurskoðun

Farið yfir tillögur að gjaldskrár ársins 2024.

Hitaveita, vatnsveita, gagnaveita:

Afgreitt á fundi #329

Fráveita:

Samþykkt (á fundi #329) að fráveitugjald verði breytt úr 0,33% í núgildandi gjaldskrá í 0,31% af fasteignamati fasteigna og lóða frá og með næstu áramótum.

Skipulag hreinsunar rotþróa verði breytt á þann veg að þrær verði hreinsaðar 3ja hvert ár í stað annars hvers árs eins og verið hefur. Framkvæmdastjóra falið að setja í ferli með Múlaþingi og heilbrigðiseftirliti breytingu á Fráveitusamþykkt Múlaþings til samræmis.

Rotþróagjöld verði kr. 22.700 á ári fyrir rotþró ≤6.0m³. Fyrir stærri rotþrær en 6.0m³ verði rotþróargjald kr. 5.600 á ári fyrir hvern rúmmetra þróar.

Önnur gjöld fylgja byggingarvísitölu, sbr. 4. mgr. 7. gr og verða uppfærð skv. venju.

2 Útkomuspá 2023

Fyrir fundinum liggur útkomuspá 2023.

Spáin gerir ráð fyrir að ekkert handbært fé verði í árslok, enda gert ráð fyrir að hluti framkvæmda verði fjármagnaður með lántöku.

Stjórn samþykkir framlagða útkomuspá.

3 Áætlanir 2024 og 3ja ára áætlun

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 liggur fyrir fundinum: Heildartekjur eru áætlaðar 793 mkr.

Handbært fé frá rekstri er 396 mkr. Stjórn samþykkir fyrirliggjandi fjárhagsáætlun.

Fjárfestingaáætlun 2024-2027 liggur fyrir fundinum.

Vegna aðstæðna á fjármálamarkaði er mikil óvissa um framkvæmdir á komandi misserum.

HHÁ lýsir vonbrigðum sínum með að stuðningur stjórnvalda skuli ekki taka mið af landfræðilegum aðstæðum og fyrirsjáanlegum auknum kröfum um hreinsun fráveituvatns á Egilsstöðum. Útlit er fyrir að kröfur verði enn auknar og þrátt fyrir há fráveitugjöld munu þau ekki standa undir fjárfestingu fyrirsjáanlegra framkvæmda.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi fjárfestingaáætlun 2024 og 3ja ára áætlun 2025-2027:

Ár	2024	2025	2026	2027
Áætlun [M.kr.]	605	1050	665	681

Áætlunin skiptist þannig milli veitnanna fyrir árið 2024:

- Hitaveita 138 milljónir kr.
- Fráveita 388 milljónir kr.
- Vatnsveita 76 milljónir kr.
- Gagnaveita 3 milljónir kr.

4 Fulltrúar SA í heimsókn

Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins hafa boðað komu sína til að kynna sér starfsemi HEF. Framkvæmdastjóra falið að undirbúa móttöku gestanna.

5 Önnur mál

Engin önnur mál.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 10:25

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Þórhallsson.